

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Garðabær, 3. júní 2025
202504-0133/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Breyting - Deiliskipulag Kapelluhrauns 2. áfangi Hafnarfjarðarbær.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 2. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna breytinga á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga. Breytingin felur m.a. í sér stækkun skipulagssvæðis, fjölgun atvinnulóða, breytingar á landnotkun innan svæðisins og tilfærslu gatnakerfis.

Kapelluhraun 2. áfangi er staðsett sunnan Reykjanesbrautar, í suðausturhluta Hafnarfjarðar. Skipulagssvæðið stækkar til suðurs og vesturs og nær nú yfir svæði sem áður var ætlað fyrir legu Reykjanesbrautar. Samkvæmt greinargerð er svæðið að mestu flatlent, að hluta raskað hraun með einstaka hraunhólum.

Í greinargerð er ekki fjallað sérstaklega um tengsl skipulagssvæðisins við náttúruverndarsvæði. Hins vegar liggur það innan hrauns og telst samkvæmt náttúruverndarlögum til hugsanlegra jarðminja með verndargildi. Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að slíkt mat fari fram áður en deiliskipulag tekur gildi.

Kapelluhraun

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta hraun og hraunmyndanir sem myndast hafa á nútíma sérstakrar verndar. Í greinargerð segir að svæðið sé raskað hraun, en Náttúruverndarstofnun bendir á að hlutar skipulagssvæðisins eru enn óraskaðir

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

- Það þarf að koma fram í greinargerð tillögunnar að innan skipulagssvæðanna er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Kortlagning á yfirborðsmyndun, jarðfræðilegum þáttum og gróðurfari þarf að fylgja með eða liggja fyrir við samþykkt deiliskipulags.
- Það þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu
- Það þarf að koma fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

- Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.
- Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að framkvæmdasvæðið sé aðeins brot af heildarstærð hraunsins og þó að nærliggjandi svæðum hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

- Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.
- Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.
- Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.
- Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.
- Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Vatnamál

Náttúruverndarstofnun bendir á að við skipulag og framkvæmdir skuli tekið fullt tillit til ákvæða laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 935/2011 um greiningu og flokkun vatna, í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Slík nálgun er nauðsynleg til að tryggja að vatnshlot haldi góðu ástandi og að vistkerfi tengd yfirborðsvatni og grunnvatni verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af uppbyggingu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur